



Fræðsla um persónuvernd í Garðabæ

Í þessu skjali er fjallað um helstu réttindi sem einstaklingar njóta á grundvelli laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (hér eftir nefnd persónuverndarlög) og reglugerðar ESB nr. 2016/679¹ (hér eftir nefnd persónuverndarreglugerð) við vinnslu Garðabæjar á persónuupplýsingum.

Persónuupplýsingar

Með persónuupplýsingum er átt við hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling („skráðan einstakling“), þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings, til dæmis nafn, kennitala, netfang, heimilisfang, símanúmer og fleira.

Persónuupplýsingar geta ýmist verið almennar eða viðkvæmar. Tilteknar persónuupplýsingar teljast viðkvæmar samkvæmt persónuverndarlögum og eru gerðar strangari kröfur til þess hvenær má vinna með slíkar upplýsingar. Viðkvæmar persónuupplýsingar eru upplýsingar um kynþátt, þjóðernislegan uppruna, stjórnmalaskoðanir, trúarbrögð, lífsskoðun, aðild að stéttarfélagi, heilsufarsupplýsingar, upplýsingar um kynlíf og kynhneigð, erfðafræðilegar upplýsingar og lífkennaupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem fást með sérstakri tæknivinnslu og tengjast líkamlegum, lífeðlisfræðilegum eða atferlisfræðilegum eiginleikum einstakling og gera það kleift að greina eða staðfesta deili á einstaklingi með ótvíræðum hætti, svo sem andlitsmyndir eða gögn um fingraför.

Upplýsingar sem eru ópersónugreinanlegar teljast ekki persónuupplýsingar.

Almennt um vinnslu Garðabæjar á persónuupplýsingum

Öll vinnsla Garðabæjar á persónuupplýsingum fer fram í samræmi við meginreglur persónuverndarlaga. Vinnslan fer fram í skýrum tilgangi og byggist á lögmætum grundvelli. Garðabær gætir að því að persónuupplýsingar séu ekki unnar með frekari hætti en í samræmi við upprunalegan tilgang vinnslunnar. Áhersla er lögð á að ekki sé gengið lengra í vinnslu persónuupplýsinga en þörf krefur til að ná því markmiði sem að er stefnt.

Með vinnslu persónuupplýsinga er átt við alla notkun og meðferð persónuupplýsinga, s.s. söfnun, skráning, varðveisla og eyðing. Garðabær telst ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga sem unnið er með í starfsemi bæjarins og ber því megin ábyrgð á því að meðferð persónuupplýsinga og vinnsla

¹ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga



Þeirra sé í samræmi við lög. Ábyrgð getur þó verið mismunandi eftir því á hvaða vettvangi og í hvaða tilgangi vinnsla fer fram. Þannig eru grunnskólar sveitarfélagsins t.d. ábyrgðaraðilar vinnslu þeirra persónuupplýsinga sem þeir fara með.

Garðabær hefur sett sér persónuverndarstefnu sem unnið er eftir og er hún vistuð [hér](#). Auk þess hafa allir starfsmenn Garðabæjar undirritað sérstaka trúnaðar- og þagnaryfirlýsingu þar sem þeir skuldbinda sig einnig til að fara að ákvæðum laga um persónuvernd.

Hvaða persónuupplýsingar vinnur Garðabær?

Grundvöllur að vinnslu Garðabæjar á persónuupplýsingum er aðallega til að geta uppfyllt lagaskyldu sem hvílir á sveitarfélaginu til að veita lögbundna þjónustu og annast rekstur bæjarins.

Það fer eftir atvikum, til dæmis því um hvers konar þjónustu verið er að sækja um hjá Garðabæ hversu víðtækar persónuupplýsingar þarf að gefa upp. Dæmi um almennar persónuupplýsingar eru nafn, kennitala, heimilisfang, sími, netfang, hjúskaparstaða, húsnæðisstaða, upplýsingar um aðstandendur og fjárhagsupplýsingar á borð við skattframtal.

Undir ákveðnum kringumstæðum þarf Garðabær að afla viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi laga um persónuvernd, svo sem um líkamlegt eða andlegt heilbrigði og aðild að stéttarfélagi. Garðabær fer með vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga af aukinni varúð og í samræmi við lög og reglur þar um.

Garðabær vinnur einnig persónuupplýsingar vegna samningssambands sem sveitarfélagið á í, til dæmis við starfsfólk, viðskiptamenn og verktaka.

Í sumum tilvikum byggir Garðabær vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli samþykkis einstaklinga, svo sem vegna myndbirtingar í skólum og leikskólum, og á grundvelli lögmætra hagsmuna sveitarfélagsins vegna eftirlits í öryggis- og eignavörsluskyni.

Sem opinber aðili getur vinnsla Garðabæjar jafnframt verið nauðsynleg við beitingu þess opinbera valds sem sveitarfélagið fer með.

Magn og eðli persónuupplýsinga sem þörf er á fer eftir sambandi Garðabæjar og þess einstaklings sem um ræðir. Einstaklingum er valkvætt að veita persónuupplýsingar en séu þær ekki veittar í ákveðnum tilvikum kann það að hafa áhrif á möguleika til að veita þá þjónustu sem um ræðir.

Réttindi einstaklinga

Einstaklingur á rétt á því að fá vitneskju um þá vinnslu upplýsinga sem á sér stað hjá Garðabæ er varðar hann sjálfan. Er sá réttur eingöngu takmarkaður að því leyti sem kveðið er á um í lögum.

Einstaklingur á rétt til aðgangs að persónuupplýsingum um sig og upplýsingum um eftirfarandi atriði er varða vinnsluna:



- Hver tilgangur vinnslunnar er, t.d. veiting þjónustu.
- Flokka persónuupplýsinga, eins og t.d. nafn, kennitala og heimilisfang.
- Heimild fyrir vinnslu persónuupplýsinga, vanalega er um að ræða tilvísun í lagaheimild.
- Viðtakendur eða flokka viðtakenda sem fengið hafa eða munu fá persónuupplýsingarnar í hendur.
- Hversu lengi fyrirhugað sé að varðveita persónuupplýsingarnar.
- Réttur til að fá óreiðanlegar persónuupplýsingar er varða einstaklinginn sjálfan leiðréttar og uppfærðar.
- Takmörkun á vinnslu persónuupplýsinga og mun Garðabær í þeim tilvikum ekki nota umræddar persónuupplýsingar meðan skoðað er hvort vinnsla sé heimil og/eða réttur til takmörkunar er til staðar. Ef niðurstaðan er sú að upplýsingaöflun hafi verið of víðtæk eða persónuupplýsingar rangar er vinnsla breytt í samræmi við niðurstöðu máls.
- Réttur til að koma á framfæri andmælum við vinnslu persónuupplýsinga. Þessi réttur gildir þó að takmörkuðu leyti um sveitarfélög, þar sem einstaklingur getur ekki andmælt vinnslu sem byggir á lagaskyldu. Það er ávallt á hendi ábyrgðaraðila að sýna fram á að mikilvægir lögmætir hagsmunir hans gangi frammar hagsmunum eða grundvallarréttindum og frelsi einstaklingsins.
- Réttur til að vita hvaðan upplýsingar eru fengnar ef þeirra er ekki aflað hjá hinum skráða, t.d. úr Þjóðskrá.
- Réttur til að afturkalla með sannanlegum hætti samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga t.d. vegna myndatöku. Afturköllun á samþykki hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslunnar fram að afturköllun. Hafa verður í huga að vinnsla á persónuupplýsingum er Garðabæ nauðsynleg og forsenda þess að unnt sé að leggja fullnægjandi mat á umsókn í samræmi við lög og reglur.
- Réttur einstaklings til að flytja persónuupplýsingar um sig frá einum ábyrgðaraðila til annars er mjög takmarkaður í tilviki sveitarfélaga þar sem vinnslan byggist í langflestum tilvikum á lagaskyldu. Til að rétturinn um flutning eigin persónuupplýsinga milli ábyrgðaraðila eigi við verða þau skilyrði að vera uppfyllt að vinnsla upplýsinganna byggir á samþykki hins skráða einstaklings eða samningi, vinnslan sé sjálfvirk og flutningur upplýsinganna sé tæknilega framkvæmanlegur.
- Hvort fram fari sjálfvirk ákvarðanatöku, þ.m.t. gerð persónusniðs. Hjá Garðabæ fer ekki fram sjálfvirk ákvarðanatöku í skilningi laga um persónuvernd.
- Réttur til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd

Óski einstaklingur eftir að neyta ofangreindra réttinda er nauðsynlegt er að sanna á sér deili.

Upplýsingar eru yfirleitt veittar án endurgjalds. Séu beiðnir frá einstaklingum augljóslega tilefnislausar eða óhóflegar, einkum vegna endurtekninga, er Garðabæ heimilt að krefja sanngjarnt gjald með tilliti til kostnaðar við upplýsingagjöfina eða neita að verða við beiðninni og á einstaklingur þá rétt á rökstuðningi. Aðili máls á rétt á því að fá gögn sem hafa að geyma upplýsingar um hann sjálfan með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í lögum.



Miðlun upplýsinga

Meginreglan er að Garðabær miðlar ekki persónuupplýsingum til annarra aðila nema það sé skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Vegna ýmissa ástæðna kann Garðabær að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila á borð við þjónustuaðila sem annast upplýsingatækni- eða öryggisþjónustu. Hafi slíkir vinnsluaðilar aðgang að persónuupplýsingum vegna eðli þjónustunnar sem um ræðir, tryggir Garðabær að um ábyrga vinnsluaðila sé að ræða sem hafa öryggi upplýsinganna að leiðarljósi og uppfylla skilyrði laga og reglna um persónuvernd.

Miðlun persónuupplýsinga utan Evrópska efnahagssvæðisins mun ekki fara fram nema slík miðlun uppfylli skilyrði persónuverndarlaga.

Varðveisla og öryggi persónuupplýsinga

Garðabæ ber að varðveita skjöl og gögn í samræmi við lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og er afhendingarskyldur aðili til Þjóðskjalasafns í skilningi laganna. Garðabæ er þannig óheimilt að eyða skjölum sem falla undir gildissvið laganna, nema með grisjunarheimild þjóðskjalavarðar.

Garðabær leggur mikla áherslu á að vernda allar persónuupplýsingar og gætir öryggis þeirra með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ.á.m. aðgangsstýringum og dulkóðun.

Komi upp öryggisbrestur sem varðar persónuupplýsingar einstaklinga og hefur í för með sér áhættu mun sveitarfélagið tilkynna slíkt án ótilhlýðilegrar tafar til Persónuverndar. Í sumum tilvikum ber einnig að tilkynna skráðum einstaklingi um öryggisbresti.

Allt starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga er bundið trúnaðar- og þagnarskyldu og hefur Garðabær sett sér reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga, þar með talið persónuverndarupplýsinga en finna má þær reglur [hér](#) á vefnum undir stjórnýslu. Allir starfsmenn Garðabæjar hafa undirritað sérstaka trúnaðar- og þagnaryfirlýsingu þar sem þeir skuldbinda sig einnig til að fara að ákvæðum laga um persónuvernd.

Persónuverndarfulltrúi og réttur til að leggja fram kvörtun til Persónuverndar

Persónuverndarfulltrúi Garðabæjar hefur umsjón með eftirfylgni við persónuverndarstefnu bæjarins og sinnir eftirliti með því að farið sé að gildandi lögum og reglum um persónuvernd í starfsemi sveitarfélagsins.

Hægt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúa Garðabæjar vegna kvartana, athugasemda eða beiðna. Persónuverndarfulltrúi Garðabæjar er Sigríður Logadóttir, sími: 525-8570 og netfang: personuvernd@gardabaer.is

Einstaklingur á rétt á að leggja inn kvörtun hjá Persónuvernd vegna vinnslu af hálfu Garðabæjar telji hann vinnsluna andstæða ákvæðum persónuverndarlaga. Upplýsingar um Persónuvernd má finna [hér](#).



Rafræn vöktun öryggismyndavéla í Garðabæ

Garðabær hefur sett upp stafrænar myndarvélar hjá stofnunum bæjarins þar sem rafræn vöktun er talin nauðsynleg á grundvelli öryggis eða eignavörslu. Tilgangur með rafrænni vöktun er að varna að eigur Garðabæjar séu skemmdar og að farið sé um byggingar eða aðrar eigur í leyfisleysi og til að stuðla að öryggi á þessum svæðum. Þeir staðir sem vöktun fer fram eru merktir með skýrum hætti.

Myndefni úr stafrænum myndavélum er eingöngu skoðað ef upp koma atvik sem varða eignavörslu eða öryggi einstaklinga, s.s. þjófnaður, skemmdarverk eða slys. Einungis forstöðumenn stofnana og þeir sem til þess hafa leyfi hjá Garðabæ geta skoðað upptökurnar. Upptökur eru almennt ekki afhentar öðrum en lögreglu og þá ef um slys eða meintan refsiverðan verknað er að ræða.

Farið er með persónuupplýsingar sem verða til við rafræna vöktun í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Upplýsingar sem verða til við rafræna vöktun er eytt um leið og ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær og skulu þær aldrei varðveittar lengur en í 90 daga nema lög heimili eða dómsúrskurður liggi fyrir.

[Hér](#) á vefnum undir kaflanum um stjórnýslu má kynna sér reglur Garðabæjar um rafræna vöktun öryggismyndavéla. Athugið að reglurnar gilda ekki um öryggismyndavélar sem settar hafa verið upp í samstarfi við lögreglu og Neyðarlínuna utan stofnana Garðabæjar. Aðkoma Garðabæjar við þá vöktun er takmörkuð við kaup á búnaði, uppsetningu og merkingu.

Vafrakökur

Garðabær notar vafrakökur til að vefsíðan virki betur, til að bæta notendaupplifun og telja heimsóknir á vefinn. Það er stefna Garðabæjar að nota vafrakökur sparlega og með ábyrgum hætti. Vafrakökurnar á vefsíðunni safna ekki persónulegum upplýsingum gesta. Sjá nánar um vafrakökur [hér](#).

Vinnsla persónuupplýsinga vegna umsókna um félagsþjónustu Garðabæjar og málefna fatlaðs fólks

Öflun og vinnsla persónuupplýsinga vegna félagsþjónustu byggir á lagaskyldu, einkum á lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 auk þess opinbera valds sem Garðabær fer með.

Réttur til stuðnings- og félagsþjónustu byggir á stöðu umsækjenda í margvíslegum skilningi. Garðabæ er því nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar umsækjanda sem fram koma í umsókn og frá þeim sem aflað er frá öðrum með samþykki umsækjanda til að leggja fullnægjandi mat á rétt til þjónustu. Aðrir sem Garðabær getur aflað upplýsinga frá eru t.d. Þjóðskrá Íslands,



skattayfirvöld, greiningarstöðvar, heilbrigðisstofnanir og öðrum þeim fyrirtækjum og stofnunum sem geta nýst við að varpa ljósi á stöðu umsækjanda. Samþykkið veitir einnig Garðabæ heimild til að afla persónuupplýsinga frá umsækjanda sjálfum sem eftir atvikum geta verið um fjárhagslegar aðstæður, húsnæðisaðstæður, fjölskyldustærð, atvinnustöðu, heilsufar og félagslegar aðstæður. Veiti umsækjandi ekki umbeðnar upplýsingar kann það að leiða til þess að ekki verði hægt að afgreiða umsókn.

Við mat á þjónustuþörf umsækjanda eru að minnsta kosti eftirfarandi fjórir meginþættir metnir sem áhrif hafa á daglegt líf viðkomandi:

- Þörf umsækjanda fyrir stuðning.
- Félagslegar aðstæður umsækjanda.
- Færni og styrkleika umsækjanda.
- Samfélagsþátttöku, valdeflingu og virkni umsækjanda.

Það fer eftir því um hvaða félagslega þjónustu verið er að sækja um hversu víðtækar persónuupplýsingar unnið er með. Vinnslan á sér lagastoð í 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og eftir atvikum 1. tl. sömu greinar. Jafnframt ef um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar þá byggir vinnslan á 2. tl. 1. mgr. 11. gr. sömu laga og eftir atvikum 1. tl. sömu greinar.

Notendastýrð persónuleg aðstoð – NPA, vinnsla persónuupplýsinga

Sé samþykkt að veita þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar verða persónuupplýsingar sendar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á grundvelli laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarfélögum, stofnunum þeirra og öðrum opinberum aðilum er skylt að láta Jöfnunarsjóðnum í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til ákvörðunar og úthlutunar framlaga úr sjóðnum.

Vinnsla persónuupplýsinga vegna ráðninga í störf hjá Garðabæ

Til þess að geta unnið úr umsókn um starf og lagt mat á hæfni umsækjanda til starfsins er Garðabæ nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar sem fram koma í umsókn og þær sem Garðabær aflar frá öðrum með samþykki umsækjanda. Upplýsingarnar eru eingöngu nýttar af mannauðsdeild Garðabæjar og yfirmanni viðkomandi sviðs eða stofnunar.

Þegar sótt er um auglýst starf skráir umsækjandi sig inn í ráðningarkerfi Garðabæjar. Þar þarf að skrá inn persónuupplýsingar auk þess sem slíkar upplýsingar koma að auki jafnan fram í ferilskrá, kynningarbréfi og öðrum gögnum sem umsækjandi tengir við umsóknina. Þessar persónuupplýsingar eru vistaðar í ráðningakerfinu en hægt er að skrá eða uppfæra grunnupplýsingar, skipta um mynd, bæta inn viðhengjum og eyða þeim sem eru orðin úrelt. Garðabær safnar eingöngu nauðsynlegum upplýsingum við ráðningar.



Persónuupplýsingar sem umsækjendur þurfa að gefa upp alla jafna í ráðningarkerfinu eru:

- Almennar upplýsingar, þ.e. nafn, kennitala, netfang, símanúmer, heimilisfang og fjölskylduhagir.
- Upplýsingar úr ferilsskrá, t.d. upplýsingar um menntun, starfsreynslu, tungumálakunnáttu, tölvukunnáttu auk annarrar reynslu, hæfni og þekkingar.
- Kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir menntun, fyrri störfum og reynslu ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið.
- Upplýsingar um umsagnaraðila sem umsækjandi veitir mannauðsdeild/yfirmanni stofnunar leyfi til að hafa samband við.

Í starfsviðtali er umsækjandi spurður staðlaðra spurninga sem eiga við um það starf sem sótt er um, í þeim tilgangi að meta hæfni umsækjenda. Í starfsviðtali verða til persónuupplýsingar á borð við fyrri reynslu í starfi eða verkefni, frammistöðu í fyrra starfi eða námi, launavæntingar o.fl. Í sumum tilvikum geta umsækjendur þurft að taka persónuleika-, hæfni eða þekkingarpróf eða leysa raunhæf verkefni.

Starfsviðtöl, umsagnir umsagnaraðila, verkefni og próf eru skráð og vistuð í skjalakerfi Garðabæjar. Aðgangur að skjalakerfinu er aðgangsstýrður.

Við ráðningu í starf þarf Garðabær að afla frekari persónuupplýsinga um viðkomandi. Þetta eru upplýsingar á borð við bankaupplýsingar, nánasta aðstandanda, stéttarfélag, lífeyrissjóð, sakarvottorð (fyrir ákveðin störf), o.fl.

Myndatökur, myndbandsupptökur og birting myndefnis grunnskóla og leikskóla

Það er liður í uppeldis- og menntastarfi grunnskóla og leikskóla og til að veita forsjáraðilum og nemendum innsýn í starfsemi skólanna að taka ljósmyndir af börnunum í leik og starfi.

Allt myndefni er vistað í ljósmyndasafni Garðabæjar. Myndefnið getur verið birt á vefsíðu skólanna og á öðrum opinberum vettvangi á vegum skólanna og Garðabæjar.

Forsjáraðilar taka afstöðu til þess hvort leikskóla/grunnskóla sé heimilt að taka ljósmyndir og/eða myndbönd af barni þeirra. Sé heimild veitt gefur forsjáraðili upplýst samþykki fyrir að skóla sé heimilt að taka ljósmyndir og/eða myndbönd af barni hans. Viðkomandi skóli er ábyrgðaraðili vinnslunnar og gætir þess að persónuverndarlögum sé fylgt. Forsjáraðili getur dregið samþykki sitt til baka hvenær sem er en slík afturköllun hefur þó ekki áhrif á lögmæti vinnslu fram að afturkölluninni.

Um allar myndatökur, myndbandsupptökur og myndbirtingar er gætt varúðar, nærgætni og góðs siðferðis og eru börn aldrei sýnd á óviðeigandi hátt. Starfsfólk skólanna hefur ekki heimild til að taka myndir eða myndbönd af nemendum á eigin tæki.